

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 339. fundur

Föstudaginn 30. apríl 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs.og hófst hann kl. 11:00. Fundurinn var í fjarfundi.

#### Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS) , Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sat einnig Jóhannes Rúnarsson framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir (SH), sviðstjóri mannauðs- og gæðamála.

#### Dagskrá fundar:

1. Leiðakerfið.
2. Greiðslukerfið - staðan.
3. Fjármál Strætó.
4. Útvistunarmál.
5. Kostnaðaráætlun nýja leiðanetsins.
6. Útboð á vetnisvögnum.
7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farmflutninga og farþegaflutninga á landi nr. 28/2017.
8. Kostnaðarskipting rekstrarframlaga.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Leiðakerfið

Sérfræðingar Strætó hafa fundað með öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu í samræmi við Árshjól leiðanetsbreytinga hjá fyrirtækinu. Valgerður Gréta Benediksdóttir og Sólrún Svava Skúladóttir, samgöngusérfræðingar hjá Strætó, kynntu samantekt af helstu niðurstöðum fundanna. Vísað til áframhaldandi umræðu á næsta fundi. Stjórn óskar eftir að nánar verði gerð grein fyrir kostnaði sem umræddar breytingar hefðu í för með sér og að minnisblað þar að lútandi liggja fyrir á næsta fundi.

##### 2. Greiðslukerfið - staðan

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatæknimála hjá Strætó kynnti endurskoðun tímaáætlunar á innleiðingu nýs rafræns greiðslukerfis. Nú liggur fyrir að innleiðingin tekur lengri tíma en áætlað var. Helstu ástæður eru að vegna Covid hefur ekki verið mögulegt að hafa tæknimenn frá FARA á staðnum og því hafa prófanir á búnaði tekið lengri tíma, þróun á appinu sem tengist kerfinu er ekki að fullu lokið, innleiðing á öryggi tengt borgun (3D Secure) með greiðslukortum hefur tafist vegna skipulagsmála hjá greiðslumiðlunarfyrirtæki Strætó og persónuverndarmál hafa reynst viðameiri en gert var ráð fyrir. Í næstu viku kemur í ljós hvort farið verður í loftið 1. júní eða hvort ræsingu verður frestað til haustsins.

##### 3. Fjármál Strætó

Framkvæmdastjóri kynnti drög að uppgjöri fyrir fyrsta ársfjórðung 2021. Lausafjárstaða er góð en tekjur af farþegum eru ívið lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Framkvæmdastjóri kynnti stöðu mála varðandi lánsfjármöguleika Strætó.

#### 4. Útvistunarmál

---

Áframhaldandi umræða um útvistunarmál. Núverandi samningar við verktaka á akstri strætisvagna voru gerðir 2016. Þeir voru til 4 ára með heimild til framlengingar tvisvar sinnum um 2 ár. Ef framlengingarákvæðin verða virkjuð þá gilda þessir samningar til haustsins 2024. Búið er að virkja fyrri framlenginguna. Á árinu 2021 verður farið yfir hvernig til hefur tekist hjá viðkomandi verktökum og metið hvort leggja eigi til framlengingu um 2 ár til viðbótar.

Vinna er í gangi við bestun nýs leiðanets og ekki liggur nákvæmlega fyrir hver tíðni og þjónustutími verður.

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir eigendafundi um málið.

#### 5. Kostnaðaráætlun nýja leiðanetsins

---

Framkvæmdastjóri kynnti stöðu rekstraráætlunar vegna nýs leiðanets. Stefnt að því að gefa út fyrstu drög áætlunar í maí.

#### 6. Útboð á vetnisvögnum

---

Framkvæmdastjóri kynnti bréf, dags. 13.04.2021, sem barst frá lögfræðingi GT sem barst vegna útboðs á vetnisvögnum 2019.

Lögmanni Strætó bs. er falið að gæta hagsmuna félagsins í málinu.

#### 7. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um farmflutninga og farþegaflutninga á landi nr. 28/2017

---

Framkvæmdastjóri kynnti umsögn Strætó um frumvarpið.

#### 8. Kostnaðarskipting rekstrarframlaga

---

Í stefnumótun sem unnin var á árinu 2019 af stjórn Strætó var rætt um að yfirfara þyrfti eigendastefnu Strætó og þá sérstaklega nefnd kostnaðarskipting og útvistunarstefna.

Umræður urðu um kostnaðarskiptingu rekstrarframlaga sveitarfélaganna sem standa að Strætó.

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir eigendafundi um málið, sbr. einnig fl. 4 hér að framan.

#### Fylgiskjöl:

Fundi slitið kl. 12:30.

---

Hjálmar Sveinsson

---

Karen Halldórsdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Gunnar Valur Gíslason